

Miðvikudaginn 11. maí 1966.

Nr. 138/1965. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Baldri Ásgeirssyni og gagnsök

(Einar Viðar hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1965. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. september 1965. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 525.400.35 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt gögnum málsins þykir mega rekja meginorsakir slyssins til ófullnægjandi umbúnaðar vindunnar og ónógrar festingar hennar í jörðu, en telja má leitt í ljós, að vandan hafi kastast til, er fallhamarinn var dreginn upp. Atvik að slysinu, hrösun gagnáfrýjanda, bendir hins vegar til þess, að gagnáfrýjandi, sem var vanur starfinu og hafði veitt því athygli, að vandan var óstöðug, hafi eigi gætt nægilegrar varúðar. Samkvæmt þessu þykir rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að $\frac{3}{4}$ hlutum, en gagnáfrýjandi beri tjón sitt sjálfur að $\frac{1}{4}$ hluta.

Gagnáfrýjandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

I. Örorkutjón	kr. 465.457.00
II. Bætur vegna þjáninga og lýta	— 100.000.00
III. Ferðakostnaður og uppihald	— 41.696.85
IV. Ýmis annar kostnaður	— 3.430.00
V. Endurreikningur á örorkutjóni	— 2.000.00

Alls kr. 612.583.85

Frá þessari fjárhæð viðurkennir gagnáfrýjandi, að eigi að draga greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins	kr. 87.183.50
--	---------------

Kr. 525.400.35

Fyrir héraðsdómi var krafa gagnýfrýjanda samkvæmt I. kröfulið kr. 330.459.00, án þess að hann áskildi sér rétt til að bera fram hærri kröfu. Skilyrði ákvæða 45. gr. laga nr. 57/1962 eru því eigi fyrir hendi um hærri kröfugerð hér fyrir dómi. Samkvæmt gögnum málsins þykir örorkutjón gagnáfrýjanda hæfilega metið kr. 228.000.00, þegar frá hefur verið dregin greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins, kr. 87.183.50. Rétt þykir að fallast á úrlausn héraðsdóms um II. kröfulið. Fjárhæð III. kröfuliðs ákveðst kr. 18.000.00, fjárhæð IV. kröfuliðs er viðurkennd, en V. kröfuliður telst til málskostnaðar. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 319.430.00 (228.000.00 + 70.000.00 + 18.000.00 + 3.430.00). Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda $\frac{3}{4}$ hluta þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 239.572.50, ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 55.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Baldri Ásgeirssyni, kr. 239.572.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9%

árvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% árvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% árvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% árvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 55.000.00.

S é r a t k v æ ð i

Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.

Um kröfugerð málsaðilja hér fyrir dómi vísast til atkvæðis meiri hluta dómenda.

Slys það, sem mál þetta er af risið, varð aðfaranótt 18. júlí 1959, eins og í héraðsdómi greinir, er gagnáfrýjandi stjórnaði vélknúinni fallhamarsvindu Vegagerðar ríkisins við gerð brúar á Fossá í Barðastrandarsýslu.

Verkstjóri vegagerðarinnar, Sigfús Tryggvi Kristjánsson, gerði skýrslu um slysið hinn 19. júlí 1959 til Tryggingastofnunar ríkisins.

Af hendi Öryggiseftirlits ríkisins var framkvæmd athugun á vélvindunni og búnaði hennar, lausleg skýrsla tekin af gagnáfrýjanda og síðan lýst orsökum slyssins. Er greinargerð öryggiseftirlitsins, dags. 10. október 1959, undirrituð af starfsmanni þess, Helga Gunnarssyni tæknifræðingi.

Lögreglupróf voru engin háð í málinu fyrr en í maí og júní 1960. Tvö vitni komu fyrir sakadóm 18. ágúst 1960. Eftir það fóru engar yfirheyrslur fram fyrr en í einkamáli þessu á árinu 1964.

Rannsókn málsins af opinberri hálfu hefur eigi verið svo röksamleg, sem skyldi, sbr. 12. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála og 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Er sakarefni því miður leitt í ljós en mátt hefði. Hinn 19. maí 1960 lýsir gagnáfrýjandi slysinu fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík á þessa leið:

„Aðfaranótt 18. júlí, er ég var að hefja vinnu, átti slysið sér stað. Ég stóð við vinduna og setti skiptistöngina fram með vinstri hendinni til að draga upp hamarinn. Um leið

og slakinn fór af virnum, kastaðist vindan til hliðar á mig, og féll ég þá inn á trommuna og bar þá ósjálfrátt hægri höndina fyrir mig, og lenti fingur þeirrar handar undir virnum, sem vafðist upp á trommuna, sem var óvarin. Það var enginn maður til staðar til að stöðva mótorinn, og vafðist því áfram upp á trommuna, þangað til vinstri öxlin slapp inn af skiptistönginni, og gat ég þá kúplað frá með vinstri hendinni. Þá hafði ég brotnað á tveimur fingrum hægri handar og sá þriðji skemmzt mikið, handleggsgrotað og farið úr axlarlið.“

Gagnáfrýjandi og Sigfús Tryggvi verkstjóri eru samsaga um það, að gagnáfrýjandi hafi ásamt öðrum verkamönnum unnið að uppsetningu vélvindunnar á slysstað undir umsjón verkstjórans. Kveðst gagnáfrýjandi þá hafa kvartað við verkstjóran undan festingum vindunnar og farið fram á, að virfestingu yrði komið fyrir til að hindra hliðarhreyfingar hennar, en verkstjórinn hafi „ekki viljað á það fallast, þar sem það myndi tefja verkið“. Eigi kveðst gagnáfrýjandi „áður hafa farið fram á hliðarfestingar við verkstjóran, enda hafi aðstæður eigi verið slíkar sem við brú þá, er slysið varð við“. En þar „hafi vegurinn“, þ. e. undirstaða vindunnar, „verið harður og háll og því sérstaklega verið hætt við hliðarhreyfingum á vindunni“. Sigfús Tryggvi verkstjóri „kveður sig ekki reka minni til þess“, að gagnáfrýjandi „hafi kvartað yfir hliðarhreyfingum á vindunni eða óskað eftir virfestingum til að hindra hliðarhreyfingar“. Því hefur hann þó eigi neitað afdráttarlaust.

Fram er komið, að gagnáfrýjandi hafi í þjónustu Vega-gerðar ríkisins unnið undir stjórn Sigfúsar Tryggva verkstjóra fjögur „sumur, áður en slysið varð. Fyrsta sumarið“ kveðst gagnáfrýjandi ekki hafa komið „nálægt stjórn vindunnar“, annað sumarið hafi hann „stjórnað vindunni við niðurrekstur staura undir tvær brýr“, þriðja sumarið „við niðurrekstur staura undir eina brú, og sumarið, er slys varð, kveðst hann hafa stjórnað vindunni við fjórðu brúna“.

Gagnáfrýjandi „kveðst engar leiðbeiningar hafa fengið um meðferð spilsins, en hins vegar hafi hann séð, hvernig

maður sá fór að, sem vann á spilinu næst á undan honum, og kveðst hafa tileinkað sér aðferðir hans“. Sigfús Tryggvi verkstjóri kveðst ekki muna, hvort gagnáfrýjanda „hafi verið gefnar leiðbeiningar um meðferð vindunnar, en venja sé að gefa slíkar leiðbeiningar, þegar nýir menn taki við vindunum“. Verður eigi af gögnum málsins ráðið, að gagnáfrýjanda hafi af hendi yfirboðara sinna verið settar ákveðnar reglur um stjórn vindunnar og starf sitt við hana.

Samkvæmt skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, sem getið var, er niðurstaða eftirlitsins, að því er orsök slyssins varðar, þessi:

„Orsök slyssins verður að teljast lélegur frágangur á festingu spilsins. Spilinu var fest eingöngu með tveim vírum aftur af því og í þverbíta, sem er í jörðu með fargi á, en engin festing aftur á né til að hindra hliðarkast. Spilið sat í þessu tilfelli á malarvegi, og þurfti þess vegna lítið átak til að koma af stað hliðarhreyfingu. Tvímælalaust hefði því átt að vera ein eða önnur festing, sem hindraði hliðarhreyfingu. Þó spilið sé í sjálfu sér löglega útbúið, þá væri nauðsynlegt að útbúa handfang á það (og öll álíka spil), þannig að sá, sem stjórnaði spilinu, gæti haft aðra höndina í því og fengið þar stuðning, og hefði slíkur útbúnaður sennilega hindrað slys í þessu tilfelli“.

Með skírskotun til þess, sem nú var rakið, telst búnaður vélvindunnar og festing hennar í undirstöður eigi hafa fullnægt ákvæðum 16. gr. laga nr. 23/1952. Þykir verða að fallast á þá niðurstöðu Öryggiseftirlits ríkisins, að þessi vanbúnaður vindunnar hafi verið orsök slyssins. Hins vegar er eigi í ljós leidd nein sú vangæzla gagnáfrýjanda, er metin verði honum til sakar í máli þessu. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um fulla ábyrgð aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda.

Tjón gagnáfrýjanda þykir samkvæmt gögnum málsins hæfilega metið þannig:

- | | |
|--|----------------|
| 1. Örorkutjón, að frádregnu tryggingarfé, er | |
| í héraðsdómi getur | kr. 228.000.00 |
| 2. Þjáningar og lýti | — 70.000.00 |

3. Ferða- og dvalarkostnaður	kr. 18.000.00
4. Lækniskostnaður o. fl. samkvæmt 4.—8. kröfulið í héraði, sem aðaláfrýjandi hef- ur viðurkennt	— 3.430.00

Samtals kr. 319.430.00

er aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda ásamt vöxtum, eins og síðar greinir, og málskostnaði í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 65.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Baldri Ásgeirssyni, kr. 319.430.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júní 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. maí s.l., hefur Baldur Ásgeirsson, Bíldudal, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, áritaðri af lögmanni stefnda um löglega birtingu, en mál þetta var þingfest 1. október 1963.

Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 475.585.85 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað, en *til vara*, að tildæmd verði lægri fjárhæð en í stefnu greinir og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Svofelld grein er gerð fyrir málsatvikum í stefnu:

„Málavextir eru þeir, að aðfaranótt hins 18/7 1959 var stefn-

andi að vinna að brúarsmíði á vegum Vegagerðar ríkisins við Fossá á Barðaströnd. Átti brúin að leggjast á staurum, sem reknir voru niður við árfarveginn. Til þess að reka staurana niður var notað svonefnt „rambukkaspil“ til þess að hífa upp fallhamar, sem síðan var látinn falla á staurana. Vindan ásamt benzín-mótor var föst á járngrind, en undir grindinni var komið fyrir tveim trjám 3"×6", og þannig sat vindan á veginum. Til þess að festa vinduna á veginn og halda á móti þunga fallhamarsins, sem var 450 kg., var eitt tré 6"×6" grafið niður þvert á veginn fyrir ofan spilið og borið á það grjót. Úr sitt hvoru horni vindunnar var síðan fest tveim jafnlöngum vírum á sama stað í trénu.

Er slysið skeði, stjórnaði stefnandi spilin. Var hann að hefja vinnu um kl. 2 um nóttina. Stóð hann við vinduna og setti skipti-stöngina fram með vinstri hendi til að draga upp hamarinn. Um leið og slakinn fór af vírnum, kastaðist vindan til hliðar, og féll hann þá inn á tromluna. Í fallinu bar hann ósjálfrátt fyrir sig hægri hönd, og lentu fingur þeirrar handar undir vírnum, sem vafðist upp á tromluna, sem var óvarin. Enginn var viðstaddur til þess að stöðva mótorinn og vafðist því áfram upp á tromluna, en stefnandi gat þá loks kúplað frá með vinstri hendi og losað sig undan vírnum. Var hann þá mikið slasaður, hægri upphandleggur brotinn og axlarliðurinn hálfpartinn farinn úr liði og auk þess brotinn fremsti oddurinn af ulnarbeininu, vísifingur brotinn á miðköggli og baugfingur og langatöng mjög laskaðir.

Af þessum sökum missti stefnandi rúmlega tvær kjúkur af löngutöng og baugfingri, og vísifingur skaddaðist. Handleggsbrotið hafðist mjög illa við, og var stefnandi settur 6 sinnum á spítala til aðgerðar á tímabilinu frá 18/7 1959, til þess er hann loks útskrifaðist 9/2 1961, og síðan einu sinni í maí 1962. Verður stefnandi samt aldrei jafngóður í handleggnum. Vegna slyss þessa hefur stefnanda verið metin varanleg örorka 25%, og hefur Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón hans og telur það vera kr. 232.439.00.

Stefnukrafan sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón	kr. 330.459.00
2. Þjáningar og lýti	— 100.000.00
3. Ferðakostnaður og uppihald	— 41.696.85
4. Reikn. Snorra Hallgrímssonar, dr. med. ..	— 300.00
5. — Páls Sigurðssonar tryggingayfirl.	— 1.500.00
6. — Þóris Bergssonar tryggingafræðings	— 1.200.00

7. Reikn. Þóris Bergssonar tryggingafræðings kr.	400.00
8. — ríkisskattaneðndar	— 30.00

Kr. 475.585.85“

Stefnandi rökstyður kröfur sínar nánar í stefnu, sem hér segir:
 „Um lið 1. Þessi liður er samkvæmt örorkutjónsútreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings. Er það reiknað út frá skattframtölum stefnanda fyrir árin 1956—1958, en mestur hluti tekanna stafar frá verkamannavinnu, eða um $\frac{4}{5}$ hlutar, en um $\frac{1}{5}$ af sjómennsku.

Um lið 2. Meiðsli stefnanda olli honum miklum og langvarandi þjáningum. Auk þess að missa tvo fingur og skaddast á þriðja hafðist brotið á upphandleggnum illa við, og varð hann að leggjast inn á sjúkrahús samtals 6 sinnum frá slysdegi 18/7 1959, þar til hann loks útskrifaðist 9/2 1961, og síðan einu sinni í maí 1962. Var oft um meiri háttar aðgerðir að ræða, m. a. var tvisvar tekin beinspöng úr mjaðmarkambi og flutt að brotinu.

Lýtin eru mikil og áberandi, missir baugfingurs og löngutangar hægri handar og stirðnun og aflögun vísifingurs sömu handar, 18 cm. langt Y-laga inndregið ör á miðjum upphandlegg hægri handar og minni ör uppi á öxl og um olnbogann. Auk þess 4 cm. rýrnun á hægri upphandlegg og 2 cm. rýrnun á framhandlegg miðað við vinstri hönd.

Bætur samkvæmt lið þessum eru því sízt of háar.

Um lið 3. Vegna þess að stefnandi þurfti að leggjast inn á sjúkrahús í Reykjavík, varð hann að ferðast til og frá heimili sínu í Bíldudal jafnoft. Fyrstu ferðina frá slysstað til Reykjavíkur með Birni Pálssyni greiddi stefnandi ekki, en hinar 11 greiddi hann. Kostaði farið kr. 208.00, en fæði á leiðinni kr. 155.35, samtals kr. 363.35.

Stefnandi þurfti að stunda æfingar hjá Jóni Þorsteinssyni vegna slyss þessa. Meðan á þeim æfingum og öðrum lækningum stóð, bjó hann hjá systur sinni í Hafnarfirði og varð því að fara oft með leigubílum á milli. Telur hann, að það hafi verið samtals 70 ferðir fram og til baka og hafi hver ferð kostað samtals kr. 110.00, eða samtals kr. 7.700.00.

Hjá systur sinni í Hafnarfirði dvaldi stefnandi af þessum sökum ca. eitt ár og hafði hjá henni fæði og uppihald á þeim tíma, sem varlega áætlað kostar kr. 2.500.00 á mánuði, eða samtals

kr. 30.000.00. Bætur samkv. lið þessum sundurliðast því nánar þannig:

11 ferðir milli Bíldudals og Reykjavíkur	kr. 3.996.85
70 — — Hafnarfj. og Reykjavíkur	— 7.700.00
Fæði og húsnæði í Hafnarfirði í 1 ár	— 30.000.00

Kr. 41.696.85

Um liði 4—7 þarfnast ekki skýringar.

Stefnandi telur stefnda eiga alla sök á slysi þessu og sér beri því fullar bætur. Orsök slyssins hafi verið mjög lélegur frágangur á festingu spilsins. Spilið var einungis fest með tveim vírum aftur af því í þverbíta, sem var í jörðu með fargi á, en engin festing til þess að hindra hliðarkast. Í þessu tilfelli var spilið á malarvegi, og þurfti því lítið átak til þess að koma af stað hliðarhreyfingu og hliðarfestingar því bráðnauðsynlegar, enda hafa vitni borið, að spilið hafi átt vanda til hliðarkasta.

Þá telur Öryggiseftirlit ríkisins, að nauðsynlegt sé að hafa handfang á spili sem þessu, þannig að sá, sem stjórnir því, geti haft aðra höndina á því og fengið þar stuðning, og hefði slíkur útbúnaður sennilega hindrað slys í þessu tilfelli, hefði hann verið.

Þá hlýtur einnig að vera hægt að útbúa hlíf á tromluna á þessum spilum, en tromlan var alveg óvarin í þessu tilfelli.“

Hafa nú verið rakin rök þau, sem stefnandi reisir kröfur sínar á, eins og hann sjálfur gerir grein fyrir þeim í stefnu.

Stefndi reisir hins vegar sýknukröfu sína á því, að vinnuveitandi eigi ekki sök á slysinu. Það hafi hvorki orðið vegna vanbúnaðar tækja né vegna atbeina annarra starfsmanna en stefnanda sjálfs, sem af ógætni eða óhappatilviljun hafi hrasað á hlaupum sínum og orðið að bráð vélarafli, er hann sjálfur stjórnaði og bar ábyrgð á.

Varakröfuna kveður stefndi vera setta fram, fari svo, að hann verði talinn eiga einhverja sök.

Þá kveðst stefndi mótmæla vaxtakröfunni sem of hárrí og stefnukröfunni sjálfri sem fjarstæðukenndri.

Rökstyður stefndi mótmæli sín m. a. á eftirfarandi hátt, orðrétt upptekið:

„1) Örorkutjón, kr. 232.433.00.

Ekkert er dregið frá vegna hagnaðar af því, að tekjur af þessu tagi eru skattfrjálsar. Svo er eigi heldur dregið frá það, sem stefn-

andi kann að eiga rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins. Mótmælt er upphæð tímabundnu örorkunnar sem of hárrí og skorað á stefnanda að leggja fram gögn um tekjur sínar á sama tímabili.

2) *Þjáningar og lýti, kr. 100.000.00.*

Þessari áætlunarfjárhæð er mótmælt sem allt of hárrí, enda langtum meiri en dómvenja segir til um í líkum tilvikum.

3) *Ferðakostnaður og upphald, kr. 41.696.85.*

Mótmælt sem of háu og ósönnuðu. Sérstaklega mótmælt, að stefnandi hafi þurft að búa í Hafnarfirði og kosta 70 ferðir þaðan til Reykjavíkur, úr því hann þurfti að greiða systur sinni þar syðra fullt gjald fyrir fæði og húsnæði, en þeirri fjárhæð er mótmælt sem rangri. Skorað er á stefnanda að færa rök að því með framlögðum kvittunum eða á annan hátt, að hann hafi greitt eða teljist skulda systur sinni kr. 30.000.00 fyrir dvöl hans á heimili hennar, á meðan hann var undir læknishendi.

Reikningsliðum 4—7 á dskj. 1 er ekki mótmælt sérstaklega.“

Eins og þegar er fram komið, reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að hann eigi ekki sök á slysinu, heldur eigi það rætur sínar að rekja til ógætni stefnanda sjálfs eða óhappatilviljunar.

Dómsrannsókn hefur farið fram út af umræddu slysi, og skal nú rakið það helzta, sem þar kemur fram:

Vitnið Magnús Valdimarsson, sem kveðst hafa verið að vinna með stefnanda, þegar slysið átti sér stað, en þó ekki hafa séð, þegar slysið vildi til, skýrir meðal annars svo frá, að vinda sú, sem stefnandi stjórnaði, hafi verið föst á járngrind og undir járngrindinni tveir plankar. Til að festa vinduna á veginn og halda á móti þunga fallhamarsins hafi verið grafið niður tré 6"×6" þvert á veginn og borið á það grjótt. Tveir vírstrengir hafi síðan verið festir sitt í hvort horn vindunnar og síðan í tréð, eins og teikningin á dómskj. nr. 6 sýni réttilega. Ekki hafi önnur festing verið við höfð og svona festing hafi alltaf verið höfð, síðan hann kom til Sigfúsar verkstjóra Kristjánssonar, en hann kveðst hafa unnið hjá honum s.l. 6 ár. Vitnið kveður spilið sjálfst hafa viljað ganga til, um leið og hamrinum var lyft. Er slysið vildi til, kveðst vitnið hafa verið að ganga fram fyrir staurinn til að gefa stefnanda merki um að hífa hamarinn í skeið, en þá hafi stefnandi verið að rísa upp úr spilinu, en stefnandi hafi rétt áður talað við vitnið og síðan gengið að vindunni. Vitnið kveðst

telja, að stefnandi hafi hrasað á kúplingunni og þá kúplað að, því að hamarinn hafi lyfzt 5—6 tommur frá staur. Vitnið tekur fram, að tréhælar hafi ekki verið reknir sitt með hvorri hlið vindunnar og vinnan hafi alltaf hreyfzt dálítið. Þá segir vitnið, að vinnan hafi verið í gangi, er stefnandi gekk að henni. Ekki minnst vitnið þess, að á veginum við hliðina á vindunni væri blettur eftir koppafeiti, sem stigið hefði verið á. Hins vegar hafi plankinn undir vindunni verið fitugur og hafi plankinn staðið út undan beggja megin.

Vitnið kveðst hafa heyrt stefnanda segja, að hann hefði lent undir vinduvírnum, en minnst þess hins vegar ekki að hafa heyrt hann segja, að vinnan hefði slegist til og hann þá hrasað. Vitnið minnst, að suddi væri, er slysið vildi til, eða að minnsta kosti hafi verið blautt.

Vitnið Kristján Þórir Ólafsson, sem kveðst hafa unnið undir stjórn sama verkstjóra og stefnandi, kveðst hafa verið sofandi, er slysið varð, og því ekki geta gefið neinar upplýsingar um orsakir þess eða hvernig það vildi til. Vitnið tekur fram, að engar hliðarfestingar hafi verið og engir hælar við vinduna. Vitnið kveðst hafa verið á vindunni um kvöldið og hafi hún oftast gengið til, um leið og híft var. Þegar slakað hafi verið, hafi það komið fyrir, að vírin hafi farið á vegkantinn og þótt hann festist þar ekki, hafi hann getað rykkt spilin dálítið til, um leið og híft var.

Vitnið Sverrir Tómasson kveðst hafa unnið í sama vinnuflokki og stefnandi, er umrætt slys átti sér stað. Ekki kveðst vitnið hafa séð, þegar stefnandi fór í vinduna, en vitnið kveðst hins vegar hafa séð, þegar stefnandi hljóp að vindunni og upp á pallinn, sem vinnan var á, en í því kveðst vitnið hafa snúið sér frá. Vitnið segir sér hafa dottið í hug, án þess að geta sagt það með vissu, að stefnandi hafi runnið til á pallinum og fallið á skipti-stöngina. Það hafi verið úðarigning og því sennilega sleipt. Ekki kveðst vitnið muna eftir, að stefnandi segði neitt um þetta sjálfur eftir slysið. Vitnið kveðst hafa heyrt lýsingu stefnanda á festingu vindunnar á veginum og sé hún rétt, það, sem hún nái. Aftur á móti kveðst vitnið muna það örugglega, að það hafi verið tveir vírstrengir aftur af vindunni, sinn úr hvoru horni hennar, en man ekki, hvort um nokkrar hliðarfestingar var að ræða. Vitnið kveðst aldrei hafa unnið við vinduna og því ekki geta borið um, hvort hún hafi hreyfzt nokkuð til hliðar, þegar hún hafi verið í notkun.

Vitnið Gestur Ólafsson kveðst hafa unnið í sama vinnuflokki og stefnandi, þegar umrætt slys átti sér stað. Vitnið kveðst ekki hafa séð, þegar slysið varð, því að það hafi þá snúið baki að vindunni, sem það telur, að stefnandi hafi stjórnað. Vitnið kveðst hafa heyrt talað um það á eftir, að stefnandi hefði runnið á járnplötu fyrir aftan vinduna. Vitnið man ekki, hvort úðarigning var, en það hafi í öllu falli verið náttðögg og platan því aðeins rök. Ekki kveðst vitnið muna, hvort vindan hafi verið fest að aftan með einum eða tveimur vírum, og ekki man það heldur eftir neinum festingum til hliðanna.

Vitnið Arnór Þórarinn Hannesson kveðst hafa unnið við byggingu brúarinnar yfir Fossá á Barðaströnd, þegar stefnandi varð fyrir umræddu slysi. Kveðst vitnið hafa heyrt lýsingar þeirra stefnanda og verkstjórans, Sigfúsar Tryggva Kristjánssonar, á umbúnaði vindunnar. Kveður vitnið lýsingu stefnanda vera rétta, það, sem hún nái, en það sé rétt hjá verkstjóranum, að vírstrengur hafi verið úr báðum hornum vindunnar, en rangt, að vírstrengirnir hafi legið út á við í tvær festingar á trénu, sem grafið var niður í veginn, heldur hafi vírarnir komið saman í eina festingu. Aftur á móti kveður vitnið það öruggt, að ekki hafi verið reknir niður hælur sitt hvoru megin við vinduna, eins og verkstjóri segi. Kveðst vitnið hafa verið fjögur sumur við brúarsmíði undir verkstjórn Sigfúsar og hafi umbúnaður vindunnar aldrei verið þannig, að hælur hafi verið reknir niður með hliðum hennar. Vitnið kveðst ekki geta sagt um það, hvort stefnandi hafi gengið frá vindunni í þetta skipti eða séð um fráganginn, og ekki kveðst það heldur minnst þess, að stefnandi hafi talað um það, svo að vitnið heyrði, að umbúnaður vindunnar væri ekki öruggur.

Vitnið kveðst ekki hafa séð, þegar slysið átti sér stað. Kveðst vitnið hafa verið að vinna með stefnanda og hafi þeir verið nýbyrjaðir að vinna eftir að hafa drukkið miðnæturkaffi. Stefnandi hafi verið búinn að ljúka við að reka niður staur og þegar átt að byrja á öðrum. Fallhamarinn hafi legið niðri og stefnandi átt að lyfta honum upp, en um leið kveðst vitnið hafa ætlað að hækka skeiðina til þess að hægt væri að ná fallhamrinum það hátt upp, að hægt væri að koma nýjum staur undir hann. Vitnið kveður stefnanda hafa skilið við vinduna í gangi og hafi stefnandi gengið frá vitninu áleiðis að vindunni. Vitnið kveðst ekki hafa fylgt með ferð stefnanda, nema hvað það hafi séð til hans uppi á bakkanum og hafi hann þá gengið rólega. Vitnið kveðst svo hafa haft augun á fallhamrinum og séð, að hann lyftist, þó

varla yfir 50 cm. Þegar hamarinn hafi verið kominn í þessa hæð, hafi hann titrað og síðan fallið niður. Kveður vitnið sér þá hafa verið litið að vindunni og séð, að þá hafi stefnandi verið laus úr vindunni og staðið hálfboginn yfir henni og gengið síðan fram fyrir hana og út á grasblett. Segir vitnið, að sér hafi fyrst orðið það ljóst, er það kom að stefnanda, að hann var meiddur og hafi stefnandi sagt þannig strax frá orsökinni til þess, að hann lenti undir vinduvírnum með handlegginn, að hann hefði verið byrjaður að lyfta fallhamrinum, en þá hefði vandan slegið til og hann hrasað og lent með handlegginn undir vírnum. Vitnið kveðst hafa sagt verkstjóranum frá slysinu efnislega, eins og hann hafi nú gert og sé því allt annað, sem hann hafi eftir sér, ekki rétt. Ekki kveðst vitnið minnst þess að hafa tekið eftir fitublettum eða bletti eftir koppafeiti eða annað við vinduna. Loks tekur vitnið fram, að það hafi stundum komið fyrir, að vandan hafi kippzt til hliðar, um leið og slakinn hafi verið hífdur af vírnum, og það mikið, að annað horn vindupallsins hafi lyfzt lítils háttar frá veginum.

Auk þess, sem fram kemur í málavaxtalýsingu í stefnu, hefur stefnandi skýrt svo frá við rannsókn í málinu, að sumarið, er slysið varð, hafi verið hið fjórða í röðinni, sem hann hafði með höndum stjórn vindu þeirrar, sem um ræðir, og hafi þetta verið fjórða brúin, sem hann stjórnaði vindunni við. Stefnandi kveður það vera venjulegt að standa á grind tækisins sjálfs, þegar híft sé, og hafa vinstri hönd á tengivírnum, en styðja sig með þeirri hægri við húsið. Kveður hann mann þann, sem vann á vindunni á undan honum, hafa haft þennan hátt á, og kveðst stefnandi hafa haldið því áfram. Stefnandi kveður vélarhús vindunnar vera um það bil í brjóst hæð sinni, þegar staðið er við vinduna.

Stefnandi kveður enga tréhæla hafa verið við hliðar vélarinnar. Kveðst hann hafa farið fram á það við verkstjóran, að vírfestingum yrði komið fyrir til að hindra hliðarhreyfingar, en hann hafi ekki viljað fallast á það, þar sem það mundi tefja verkið. Kveðst stefnandi ekki áður hafa farið fram á þetta. Tekur hann fram, að þegar rekið hafi verið niður fyrir fyrri stöplinum, hafi vandan verið hinum megin við uppgröftinn, en að stæður hafi samt verið verri á slysstað að því leyti, að vegurinn hafi verið harðari og hærri og því sérstaklega hætt við hliðarhreyfingum á vindunni. Stefnandi kveðst hafa haft orð á því við verkstjóran, eftir að vinna við niðurrekstur fyrri stöplulsis hófst, að vandan vildi hreyfast til hliðar.

Stefnandi telur, að nokkuð mikill rykkur hafi komið á vörinn, er hann ýtti tengiarminum fram til að lyfta hamrinum upp, þegar slysið varð. Telur stefnandi, að eigi sé unnt að tempra hraða spilsins, þegar byrjað er að hífa, heldur fari það strax á fulla ferð, þegar tengiarminum er ýtt fram. Stefnandi kveðst engar leiðbeiningar hafa fengið um meðferð spilsins, en hins vegar hafi hann séð, hvernig maður sá fór að, sem vann á spilinu næst á undan honum, og kveðst hafa tileinkað sér aðferðir hans. Stefnandi telur myndina á dómskj. nr. 5 í máli þessu sýna réttilega útbúnað spilsins og mastursins, en hins vegar komi þar ekki fram aðstaða á slysstað.

Verkstjóri stefnda, Sigfús Tryggvi Kristjánsson, hefur skýrt svo frá við rannsókn út af umræddu slysi, að lýsing stefnanda á umbúnaði vindunnar sé rétt, nema hvað vandan hafi verið fest með tveimur vírstrengjum sitt úr hvoru horni vindunnar aftur í tréð, sem fest var niður í veginn aftur að vindunni, og hafi strengirnir legið eilítið á ská út á við. Einnig kveður hann tréhæla hafa verið rekna niður í veginn sitt með hvorri hlið vindunnar og hafi hún því ekkert getað hreyft til, hún hafi alveg verið föst. Verkstjórinn kveður stefnanda aldrei hafa orðað það við sig, svo að hann muni, að umbúnaðurinn á vindunni væri ekki öruggur og kveður stefnanda hafa gengið frá vindunni, að minnsta kosti upp á síðkastið. Verkstjórinn kveðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar slysið átti sér stað og hafi stefnandi verið laus úr vindunni, þegar hann kom á staðinn. Verkstjórinn kveðst eftir slysið hafa tekið eftir því, að á veginum við hliðina á vindunni hafi verið blettur eftir koppafeiti og séð, að stigið hafði verið á þennan blett og hefði sér getað dottið í hug, að stefnandi hefði stigið þar og runnið til og það verið ástæðan til, að vandan var smurð, en sér sé ekki kunnugt um, hver gerði það síðast, en yfirleitt hafi stefnandi séð um vinduna.

Það, sem nú hefur verið rakið af framburði verkstjórans, er úr skýrslu þeirri, sem hann hefur gefið hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík 20. maí 1960. Skýrslu þessa hefur hann svo staðfest fyrir dómi 27. maí 1964. En í því sama réttarhaldi segir hann, að tréhæll hafi verið rekinn niður við fremra horn vindunnar, þeim megin, sem stjórnandi spilsins standi venjulega, og hafi slíkur hæll stundum áður verið rekinn niður, en þó ekki alltaf. Þá segir verkstjórinn í sama réttarhaldi, að vandan hreyfist alltaf eitthvað til hliðar, þegar hún sé í notkun við að reka niður staura. Hann kveður sig ekki reka minni til þess, að stefnandi kvartaði

yfir hliðarhreyfingum á vindunni eða að hann hafi óskað eftir vírfestingum til að hindra hliðarhreyfingar. Hann segir, að slíkar festingar hafi hvorki verið hafðar á vindunni fyrir né eftir slysið, og kveðst hann ekki vita til, að slíkar festingar séu tíðkaðar. Verkstjórinn telur myndina á dómskj. nr. 5 sýna umbúnað vindunnar í aðalatriðum rétt. Hann kveðst ekki hafa séð stjórnendur vindunnar standa uppi á sjálfri vindugrindinni, enda hljóti það að hafa verið erfitt, þar sem grindin sé oft hál af feiti. Hann segir, að sér sé nær að halda, að stefnandi hafi yfirleitt staðið á jörð við hlið vindunnar við að stjórna henni. Kveðst hann telja, að til þess sé ætlað, að menn hafi hægri hönd á tengiarmi og hægri fót á bremsu og standi þannig til hliðar við vinduna. Hitt kveðst hann oft hafa látið átölulaust, þótt menn til hvíldar styddu hægri hendi á vélarhús og stjórnðu tengiarmi með vinstri hendi og bremsuðu með vinstra fæti. Hann kveðst ekki muna, hvort stefnanda hafi verið gefnar leiðbeiningar um meðferð vindunnar, en venja sé að gefa slíkar leiðbeiningar, þegar nýir menn taki við vindunum.

Við samprófun á þeim stefnanda og verkstjóranum Sigfúsi kveðst verkstjórinn ekki treysta sér til að fullyrða um, hvort gengið hafi verið öðruvísi frá festingunni á vindunni en stefnandi hefur lýst að framan á þeim tíma, sem stefnandi starfaði hjá honum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið úr framburði stefnanda og vitna, má telja sannað, að ekki hafi verið um neinar hliðarfestingar að ræða á vindu þeirri, sem stefnandi slasaðist við, þannig að hún hafi getað þess vegna hreyfzt til hliðanna, er hún var í notkun.

Samkvæmt uppdrætti á dómskj. nr. 5 og öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, hefur vandan ekki verið útbúin með palli fyrir stjórnandann til að standa á né heldur verið hlíf yfir vinduási eða handfang fyrir stjórnandann að halda sér í.

Með tilliti til alls þessa líta dómendur svo á, að umbúnaður vindunnar hafi á engan hátt fullnægt þeim kröfum, sem gera verði til þess, að fyllsta öryggis væri gætt og megi rekja orsakir slyss þess, er stefnandi varð fyrir, til þessa ófullnægjandi umbúnaðar vindunnar, einkum þó að því er festingar á henni varðar. Stefnandi kveðst hafa hrasað með þeim afleiðingum, sem lýst er í máli þessu, er vandan kastaðist til við hífingu fallhamarsins. Sjónarvottar voru engir að því, hvernig slysið atvikaðist, og verð-

ur því að leggja framburð stefnanda sjálfs til grundvallar um það, enda hefur ekkert það komið fram í málinu, er gefi ástæðu til að ætla, að stefnandi skýri ekki rétt frá málavöxtum um þetta atriði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, líta dómendur svo á, að stefndi sé fébótaskyldur gagnvart stefnanda vegna tjóns þess, er hlaut af umræddu slysi.

Snorri Hallgrímsson læknir hefur lýst meiðslum stefnanda og lækni-meðferð, sem hér segir:

„Samkvæmt beiðni yðar, hr. lögfræðingur, get ég látið yður eftirfarandi umsögn í té varðandi Baldur Ásgeirsson, f. 6. 7. 1929, til heimilis að Bíldudal, vegna slyss, er hann varð fyrir 18. 7. 1959.

Sj. slasaðist að sögn við brúargerð á Barðaströnd, þannig að hægri hönd festist í spili með þeim afleiðingum, að höndin og handleggurinn laskaðist mikið. Skömmu eftir slysið var Baldur fluttur til Reykjavíkur og lagður á IV. deild Landspítalans. Skoðun hér leiddi í ljós, að um brot á miðjum upphandlegg var að ræða og auk þess var axlarliðurinn hálfpartinn farinn úr liði. Auk þess var brotinn fremsti oddinn af ulnarbeininu og vísi-fingur brotinn á miðköggli og langatöng og baugfingur hægri handar mjög laskaðir. Strax eftir komuna var í svæfingu gert að meiðslunum eftir því sem hægt var, axlarliðurinn var fyrst lagfærður, en síðan var gert að fingurmeiðslunum. Kom þá í ljós, að langatöng var því nær slitin af, en þó þannig, að sinarnar héldu. Æðarnar voru hins vegar slitnar í sundur. Þótt blóðrásin væri léleg, var þess þó freistað að halda fingrinum og sárin á fingrinum því saumuð og hann síðan settur í gipsspelku. Baugfingur var hins vegar það illa farinn, að engin leið var að gera við hann, og var hann því tekinn af. Þá var upphandleggsbrotið lagfært og lagðar á umbúðir vegna þess. Baldri heilsaðist eðlilega eftir þetta, en langatöng hægri handar hafði ekki nægilega blóðrás, og varð því síðar að fjarlægja þennan fingur um efsta hnúann. Hann var sendur heim til sín 30. 7. '59.

Prem mánuðum eftir slysið kom hann að nýju á deildina, þar eð upphandleggsbrotið hafði ekki gróið. Var þá gerð skurðaðgerð á upphandleggsbrotinu, beinendarnir hreinsaðir, því fest með mergnagla og bein frá mjaðmarkambi flutt að brotinu. Hann útskrifaðist eftir þessa aðgerð 22. 10. '59.

Þá var hann enn tekinn á IV. deild 17. 2. '60. Honum hafði liðið sæmilega í handleggnum, frá því að aðgerðin var gerð í

okt. '59 og þar til í febrúar '60, en þá byrjaði efri naglaendinn að valda honum óþægindum, og naglinn byrjaði að ganga út í gegnum húðina. Eftir það bólгнаði holdið í kringum naglaendann, og ígerð myndaðist í kringum hann. Það var því ekki um annað að ræða en að fjarlægja naglann, og var það gert 18. 2. '60. Ekki var þó talið öruggt, að brotið væri gróið. Nokkru eftir að þetta var gert, kom allmikil bólga í upphandlegginn, og var talið, að um ígerð á brotstaðnum væri að ræða. Var sj. því enn að nýju tekinn á deildina 26. 2. '60, og var þá enn skorið inn á brotið, að þessu sinni í leit að grefti, sem þó ekki fannst, en bólgan hjaðnaði niður skömmu síðar, og ígerðareinkennin hurfu. 21. 3. '60 var gerð skurðaðgerð á hægri vísifingri til þess að reyna að lagfæra hreyfinguna í fremsta lið vísifingurs. Þegar sj. útskrifaðist af deildinni 23. 3. '60, var talið, að brotið væri gróið.

Fyrstu tvo mánuðina eftir að hann fór héðan af deildinni að þessu sinni, stundaði hann æfingameðferð hjá Jóni Þorsteinssyni. Í byrjun júlí s.l. fór hann síðan að vinna við brúarvinnu að nýju. Hann hafði þó ekki fullan kraft í hægri handlegg og varð að hlífa handleggnum. Um mánuði eftir að hann byrjaði að vinna, fór hann að fá verk í hægri öxl og hægri upphandlegg, en hann hélt þó áfram að vinna fram á vetur og var skárri, þegar hann vann léttari vinnu. Baldri fannst alltaf upphandleggurinn vera eitthvað losaralegur, og þetta ágerðist með haustinu, en við skoðun á handleggnum nokkru fyrir jól kom í ljós, að brotið var laust.

Hann var því enn að nýju tekinn á IV. deild Landspítalans 22. 1. '61. Skoðun leiddi í ljós, að falskur liður hafði myndast á brotstaðnum á hægri upphandlegg. Vegna þessa var svo enn gerð skurðaðgerð 27. 1. '61. Brotendarnir voru frílagðir og hreinsaðir og brotinu að nýju fest með mergnagla og síðan flutt að brotinu allmikið af mjúku beini svo og beinspöng, sem tekin var úr mjaðmarkambi. Var hér um meiri háttar aðgerð að ræða, sem var allerfið, vegna þess að mjög mikill örvefur hafði myndast í kringum brotstaðinn. Baldri heilsaðist vel eftir aðgerðina. Hann útskrifaðist 9. 2. '61 og kemur nú til eftirlits öðru hverju hingað á deildina.

Ef vel gengur, getur maður búizt við því, að brotið grói á fjór-um mánuðum, en ekki styttri tíma. Hins vegar verður hann mjög lengi að ná sér og engar líkur til þess, að hann geti byrjað að vinna fyrr heldur en eftir hálft ár hér frá. Þá er ekki hægt að bú-

ast við því, að hægt verði að meta varanlega örorku fyrr en eftir 1—2 ár hér frá.“

Páll Sigurðsson, fyrrv. tryggingayfirlæknir, hefur metið örorku stefnanda vegna umrædds slyss, og hefur örorkumatíð verið lagt fram sem dómskj. nr. 10 í málinu, og segir þar svo:

„Örorkumat. Baldur Ásgeirsson, f. 6/7 1929, Bíldudal, V.-Barð. Vinnuslys 18/7 1959.

Samkv. slysatilkynningu varð slysið með þeim hætti, að slasaði, sem vann hjá Vegagerð ríkisins, var að vinna við niðurrekstur á staurum undir brúarsökkla og stjórnaði spili. Hann hrasaði við spilið og féll inn á virkeflið og fór með hægri handlegg milli vírs og tromlu. Hann var samdægurs fluttur á Landspítalann í Reykjavík, og samkv. vottorði Hannesar Finnbogasonar læknis, 28/8 1959, þá var meiðslið í því fólgið, að hann hafði brot á hægri upphandlegg og brot á II., III. og IV. fingri hægri handar. Hann dvaldist í spítalanum til 30/7 1959.

Samkv. vottorði Hannesar Finnbogasonar læknis var á Landspítalanum gerð amputatio á fingrum, en lagðar gipsumbúðir á brotið. Hann var aftur lagður í Landspítalann 17/10 1959 og dvaldist þar til 5/11, og 22/10 var beinið í upphandlegg spengt. Hann dvaldist enn á Landspítala 17/2 til 22/2 1960 og 26/2 til 23/3 1960.

Slasaði kom fyrst til viðtals hjá undirrituðum 7/11 1960. Hann skýrði frá tildrögum slyssins og meðferðinni, eins og lýst hefur verið, og kvaðst þá hafa byrjað vinnu að nýju 4/7 1960. Hann kvartaði um allmikla verki í handlegg og öxl og stirðleika í liðum handleggsins. Við skoðun þá var að finna allmikla rýrnun á upphandleggnum og ör eftir aðgerð, en þykkildi um miðjan handlegginn, og beinið virtist vera sveigt fram og til hliðar út á við. Nokkur stirðnun var í axlarlið og olnbogalið. Það stóð til að ljúka máli mannsins með örorkumati haustið 1960, en í des. 1960 fengust þær upplýsingar frá handlæknisdeild Landspítalans (próf. Snorri Hallgrímsson), að maðurinn hefði orðið fyrir óverulegum áverka og brotnað að nýju á sama stað og áður og það væri í ráði, að hann færi á handlæknisdeild Landspítalans.

Maðurinn kom til viðtals 24/10 1961. Hann skýrði frá því, að hann hefði farið á Landspítalann til aðgerðar, eins og ráðgert var, og dvalist þar 22/1—9/2 1961. Þá var að nýju gerð spenging á upphandleggsbeini. Byrjaði að vinna að nýju 1/7 1961.

Maðurinn kom síðast til viðtals hjá undirrituðum 11/10 1962. Hann var enn lagður í Landspítalann 9/5 1962 til 18/5 1962 og

var þá reynt að ná burtu teini þeim, er notaður var til að spengja upphandleggsbeinið, en það tókst ekki. Hann hefur, eins og fyrr segir, unnið síðan í júlí 1961 hjá sama atvinnurekanda, en aðeins dútlvinnu, að því er hann telur, og telur sig ekki færan til erfðisvinnu.

Núverandi óþægindi: Kvartar um þreytuverki í handleggnum, kraftleysi og nokkurn stirðleika, en telur, að það, sem þjáir sig mest, sé fingurmissir og aflleysi í handleggnum.

Skoðun:

Hægri handlimur: Það er greinileg rýrnun á upphandlegg, og mælist hún 4 cm. á þykkasta stað, miðað við vinstri, og á framhandlegg mælist rýrnun 2 cm., miðað við vinstri. Á miðjum upphandlegg er Y-laga ör, 18 cm. langt, auk þess eru smá ör upp á öxl og um olnbogann. Örið á miðjum handlegg er nokkuð inn-dregið, en hvergi vaxið við bein.

Hreyfing í axlarlið:	Lyfting fram:	Hægri 140° (vinstri 180°)
	Lyfting út:	— 150° (— 180°)
	Lyfting aftur:	— 30° (— 40°)
	Snúningshreyfing út á við:	— 10° (— 30°)
	Snúningshreyfing inn á við:	— 70° (— 70°)

Það er ekki að sjá sársauki við hreyfingar.

Hreyfingar í olnbogalið: Hægri 175—60 (vinstri 180—70).

Hverfihreyfing er eðlileg.

Það er eðlileg hreyfing í úlnlið.

H-hönd: Vísifingur: Hyperext. í miðlið, en getur beygt að 90°. Yzti liður stendur í 90° beygju, og það er enginn réttikraftur. Grunnliður er eðlilegur.

Það vantar rúmlega 2 kjúkur á löngutöng og baugfingur. Það er vel gróið fyrir stúfa. Litlifingur er eðlilegur.

Kraftur í upphandleggsvöðvum og framhandleggsvöðvum er allgóður, en þó greinilega minnkaður, en gripkraftur handarinnar er mjög mikið minnkaður, mælingar með dynamometer: Hægri 4—2—2, vinstri 45—42—38.

Nokkrar umsagnir liggja fyrir um röntgenskoðanir, sem gerðar hafa verið. Síðast var gerð röntgenskoðun 7/5 1962, og segir svo í umsögn röntgenlæknis:

„Hægri upphandleggur. Osteosynthesis í hægri upphandlegg,

bæði með beinspöng, sem fest er með skrúfum og Küntscher-nagla, sem rekinn er að neðan upp í gegnum capitulum humeri. Situs á brotstaðnum nokkuð góður. Mikil sclerosa. Engin resorption í kringum nagla eða skrúfur.“

Ályktun:

Hér er um að ræða 33 ára gamlan verkamann, sem slasaðist við brúarvinnu fyrir rúmlega 3 árum. Við slysið hlaut hann brot á hægri upphandlegg og brot á fingrum hægri handar, svo að það varð að nema burtu rúmlega 2 kjúkur á löngutöng og 2 kjúkur á baugfingri, en sem afleiðingu brota hefur hann stirðnun og aflögun á vísifingri. Það gekk illa að fá upphandleggsbrotið til að gróa, og hann lá margsinis á sjúkrahúsi, enda þótt hann færi að vinna léttu dútlvinnu u. þ. b. ári eftir slysið, þá kom í ljós, að beinið var ekki það vel gróið, að það þyldi neina áreynslu, og brotnaði hann að nýju í desember 1960 við mjög lítinn áverka. Hann lá að nýju í sjúkrahúsi í byrjun árs 1961, og tókst eftir nýja aðgerð að fá beinið til að gróa örugglega, og hann gat byrjað vinnu sína að nýju í júlí 1961 og hefur unnið síðan, nema hann var lagður á sjúkrahús í janúar 1962 og reynt að ná burtu mergnagla úr upphandleggsbeini, en hann sat svo fastur, að ekki var unnt að losa hann.

Sem afleiðingu þessa meiðslis þá hefur maðurinn nokkra stirðnun í hægri axlarlið, allmikla rýrnun á upphandlegg og fram-handlegg og mikið kraftleysi í hendi og handlegg. Hann vinnur hjá sama atvinnurekenda og áður, en aðeins dútlstörf, að því er hann telur sjálfur, og hann treystir sér ekki til sömu vinnu og hann vann fyrir slysið.

Af þessum sökum verður að meta manninum tímabundna og varanlega örorku vegna slyssins 18. júlí 1959, og telst sú örorka hæfilega metin svo:

Í 8 mánuði 100% örorka

– 2 — 75% —

– 2 — 50% —

– 6 — 25% —

– 2 — 100% —

– 1 mánuð 75% —

– 2 mánuði 50% —

– 5 — 25% —

– 1 mánuð 100% —

– 2 mánuði 50% —

og síðan varanleg örorka 25%.“

Ekki hefur neitt það komið fram í málinu, er þyki nægilegt til-
efni til að fella hluta sakar á stefnanda sjálfan.

Skulu nú einstakir kröfuliðir stefnanda athugaðir nánar:

Um lið 1, örorkutjón:

Stefnandi var 30 ára að aldri, þegar hann varð fyrir umræddu slysi. Hann hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem hann hafi beðið vegna slyssins, og leggur hann útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar um bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningur tryggingafræðingsins er grundvallaður á framanskráðu örorkumati. Er greinargerð tryggingafræðingsins svohljóðandi:

„Örorkutjón Baldurs Ásgeirssonar, Bíldudal, vegna slyss 18. júlí 1959.

Baldur Ásgeirsson verkamaður varð fyrir því slysi að hrasa og lenda með hægri handlegg í „spili“, er hann stjórnaði hjá Vega-gerð ríkisins. Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur í örorkumati, dags. 3. nóv. 1962, metið örorkumissi Baldurs vegna slyss þessa þannig:

Í 8 mánuði	100%	örorka
– 2 —	75%	—
– 2 —	50%	—
– 6 —	25%	—
– 2 —	100%	—
– 1 mánuð	75%	—
– 2 mánuði	50%	—
– 5 —	25%	—
– 1 mánuð	100%	—
– 2 mánuði	50%	—

og síðan varanleg örorka 25%.

Baldur Ásgeirsson er sagður fæddur 6. júlí 1929 og hefur þá verið 30 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Baldurs ár-
in 1957—1959 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin
fyrir slysið verið:

Árið 1956	kr.	61.414.00
— 1957	—	53.561.00
— 1958	—	65.198.00

Tekna þessara hefur hann að langmestu leyti aflað sem verka-
maður. Um fimmti hluti þeirra stafar þó frá sjómennsku á fiski-

bátum. Ég hef umreiknað vinnutekjur þessar til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu. Þann hluta, sem stafar frá sjómennsku, væri réttara að reikna um miðað við breytingar á kjörum háseta á fiskibátum, en þar eð engar öruggar tölur eru til um þær breytingar jafnframt því að gera má ráð fyrir, að kjör þessara stétta breytist svipað hlutfallslega, þegar til lengdar lætur, tel ég þetta heppilegustu umreikningsaðferðina.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að vinnutekjutapið sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætl- uðum vinnutekjum og örorkan er metin:

Áætlaðar vinnutekjur:				Áætlað vinnutekjutap:	
1.	árið	eftir	slysið	kr. 65.805.00	kr. 57.579.00
2.	—	—	—	66.665.00	— 30.553.00
3.	—	—	—	75.039.00	— 26.461.00
4.	—	—	—	82.647.00	— 20.662.00
og síðan árlega				— 84.663.00	— 21.166.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 98.026.00
— varanlegrar	— 217.662.00

Samtals kr. 315.688.00

Baldur á rétt á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins, en ég hef ekki fengið upplýsingar um, hve miklar þær eru.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur ís- lenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1941—1950 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Vegna hækkandi kaups fékk stefnandi tryggingafræðinginn síðar til að reikna út hækkun örorkutjóns, og hljóðar sá útreikn- ingur svo:

„Örorkutjón Baldurs Ásgeirssonar, Bíldudal,
vegna slyss 18. júlí 1959.

Þann 13. apríl 1963 reiknaði ég út verðmæti vinnutekjutaps Baldurs Ásgeirssonar vegna slyss, er hann varð fyrir 18. júlí 1959. Frá því sá útreikningur var gerður, hefur kaup verkamanna al-

mennt hækkað um 7.5%. Ég hef nú samkvæmt beiðni yðar reiknað út, hver áhrif þessi hækkun hefur á verðmætið.

Hækkunin nemur kr. 14.771.00, þannig að verðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku verður:

kr. 232.433.00 .

Notaður er sami grundvöllur og við fyrri útreikninga.“

Við munnlegan málflutning var af hálfu stefnanda enn lagður fram nýr útreikningur á örorkutjóni stefnanda vegna breytinga á kauptaxta og vöxtum, svohljóðandi:

„Örorkutjón Baldurs Ásgeirssonar, Bíldudal,
vegna slyss 18. júlí 1959.

Vegna breytinga á kauptaxta og vöxtum síðan ég reiknaði út tjón Baldurs 24. sept. 1963 hafið þér farið þess á leit, að ég endurreikni örorkutjónið.

Baldur Ásgeirsson verkamaður varð fyrir því slysi að hrasa og lenda með hægri handlegg í „spili“, er hann stjórnaði hjá Vegagerð ríkisins. Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur í örorkumati, dags. 3. nóv. 1962, metið örorkumissi Baldurs vegna þessa slyss þannig:

Í 8 mánuði	100%	örorka
– 2 —	75%	—
– 2 —	50%	—
– 6 —	25%	—
– 2 —	100%	—
– 1 mánuð	75%	—
– 2 mánuði	50%	—
– 5 —	25%	—
– 1 mánuð	100%	—
– 2 mánuði	50%	—
og síðan varanleg örorka 25%.		

Baldur Ásgeirsson er sagður fæddur 6. júlí 1929 og hefur því verið 30 ára á slysdegi.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Baldurs árin 1957—1959 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1956	kr.	61.414.00
— 1957	—	53.561.00
— 1958	—	65.198.00

Tekna þessara hefur hann að langmestu leyti aflað sem verka-
maður. Um fimmti hluti þeirra stafar þó frá sjómennsku á fiski-
bátum. Ég hef umreiknað vinnutekjur þessar til kauplags á
slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á taxta Dagsbrúnar
fyrir almenna verkamannavinnu. Þann hluta, sem stafar frá sjó-
mennsku, væri réttara að reikna um miðað við breytingar á kjör-
um háseta á fiskibátum, en þar eð engar öruggar tölur eru til
um þær breytingar, jafnframt því að gera má ráð fyrir, að kjör
þessara stétta breytist svipað hlutfallslega, þegar til lengdar læt-
ur, tel ég þetta heppilegustu umreikningsaðferðina.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar
sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að
vinnutekjutapið sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætl-
uðum vinnutekjum og örorkan er metin:

Áætlaðar vinnutekjur:					Áætlað vinnutekjutap:	
1.	árið	eftir	slysið	kr. 65.805.00	kr. 57.579.00	
2.	—	—	—	66.665.00	—	30.553.00
3.	—	—	—	75.039.00	—	26.461.00
4.	—	—	—	83.273.00	—	20.818.00
5.	—	—	—	99.095.00	—	24.774.00
6.	—	—	—	110.439.00	—	27.610.00
og síðan árlega				— 112.502.00	—	28.126.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema
á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	99.541.00
— varanlegrar	—	— 322.616.00

Samtals kr. 422.157.00

Baldur á rétt á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins, en ég
hef ekki fengið upplýsingar um, hve miklar þær eru.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 6% vexti p. a., dánarlíkur ís-
lenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur
fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Stefndi hefur mótmælt upphæð tímabundnu örorkunnar sem
of hárrí.

Þegar allt það er virt, sem að framan hefur verið rakið, og með
tilliti til hins nýja útreiknings á örorkutjóni stefnanda og þess

hins vegar, að tryggingafræðingurinn hefur í tjónútreikningi sínum ekki reiknað frádrátt vegna opinberra gjalda, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 315.000.00.

Um lið 2, þjáningar og lýti:

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum. Sjúkrasaga stefnanda hefur verið rakin í vottorðum lækna Snorra Hallgrímssonar og Páls Sigurðssonar hér að framan. Þegar hún er virt og annað það, sem hér þykir skipta máli, þykir hæfilegt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 70.000.00.

Um lið 3, ferðakostnað og uppihald:

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og ósönnuðum, sérstaklega því, að stefnandi hafi þurft að búa í Hafnarfirði og kosta 70 ferðir þaðan til Reykjavíkur, úr því að hann hafi þurft að greiða systur sinni þar syðra fullt gjald fyrir fæði og húsnæði, og mótmælir stefndi þeirri fjárhæð sem rangri.

Stefnandi hefur ekki lagt fram kvittanir eða reikninga nema fyrir kr. 4.975, að því er þennan kröfulið varðar. Brestur því rök fyrir réttmæti þessa kröfuliðs að öðru leyti. Þykja því eigi efni til að taka hann til greina með hærri fjárhæð en að framan greinir.

Um liði 4—8:

Þessum kröfuliðum hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema alls kr. 393.408.75 (kr. 315.000.00 + 70.000.00 + 4.978.75 + 300.00 + 1.500.00 + 1.200.00 + 400.00 + 30.00).

Frá þessari upphæð ber að draga þær kr. 87.183.50, sem stefnandi hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og ber því stefnda að greiða alls kr. 306.225.25 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 35.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Björnssyni vélaverkfræðingi og Sverri Björnssyni verkstjóra.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu í máli þessu vegna fjarveru annars meðdómsmannsins erlendis.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Vegagerðar ríkisins, greiði stefnanda, Baldri Ásgeirssyni, kr. 306.225.25 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. maí 1966.

Nr. 183/1965. **Ellert Magnússon og Samvinnutryggingar**
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)

gegn

Magnúsi Guðjónssyni

(Gunnar Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun máls frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. og krafist þess, að „hinar dæmdu bætur í héraðsdómi verði stórlega lækkaðar“ og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsmálaráðuneytið hefur hinn 23. október 1965 veitt leyfi til að bera mál þetta undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð